

Fundargerð 17. fundar - Stýrihópur um aukið tjáninga- og upplýsingafrelsi

Fundarmenn: Hörður Helgi Helgason (formaður), Elfa Ýr Gyfjadóttir, Páll Þórhallsson, Þröstur Freyr Gyfjason, Elísabet Pétursdóttir (ritari)

Dags: 31. mars 2016

Fundargerð:

- Frumvarp um ærumeiðingar.
 - Póstur verður sendur á Jón Vilberg Guðjónsson, skrifstofustjóra í mennta- og menningarmálaráðuneyti, þar sem farið er þess á leit við ráðuneytið að greiða fyrir vinnu Halldóru Þorsteinsdóttur vegna frumvarps um ærumeiðingar.
 - Páll Þórhallsson fjallaði um ákvæði í almennum hegningarlögum um ærumeiðingar í garð forseta, erlendra þjóðhöfðingja o.fl., sem stýrihópurinn hefur áður rætt. Ákveðið var að taka til skoðunar hvort tilefni sé til að fjalla um þessi ákvæði í frumvarpi um ærumeiðingar.
 - Páll Þórhallsson kynnti hvernig hann hefði greint miskabætur og skaðabætur í sundur í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna.
 - Rætt var um hugtakið *sök*. Ákveðið var að PÞ skoði nánar hvort hugtakið eigi heima í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna eða ekki.
 - Páll Þórhallsson gerði grein fyrir því hvernig 2.mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna hefur verið einfölduð frá því á fyrri stigum. Orðalagið *til dæmis* hefur verið fjarlægt og nú er komið orðalagið *vegna þess að*.
 - Páll kynnti jafnframt nýja 3. mgr. 1. gr., sem hefur verið bætt við frumvarpsdrögin. Rætt var um hugsanlegt orðalag málsgreinarinnar.
- Elísabet Pétursdóttir vék af fundi.
- Þröstur kynnti minnisblað um innri uppljóstrun í stjórnslunni – minnispunkta um mögulegt tilefni og markmið lagasetningar. Stýrihópurinn fjallaði um þær spurningar sem einkum þyrfti að taka afstöðu til og hvaða leiðir eru færar. Þá kynnti Þröstur Freyr drög að einföldu mati á áhrifum lagasetningar.